

Tryggingarskilmálar fyrir slysatryggingu þína með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

Slysatryggingin með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu, sem samið var um við okkur, veitir þér tvöfalda tryggingu með einum samningi:

Í viðbót við tryggingarvernd við slys (slysatryggingu) ávinnur þú þér með iðgjöldum þínum endurgreiðslukröfu við lifun umsaminna samningsloka eða við fráfall (iðgjaldsendurgreiðslu). Við ábyrgjumst endurgreiðslukröfuna óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.

Þú sem tryggingartaki ert viðsemjandi okkar. Hinn tryggði getur verið þú eða einhver annar. Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

Almennir skilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu (Allianz AB UBR-K 2012)

U 7200/10

Efnisyfirlit

Slysatrygging

Forsendur greiðslu og umfang greiðslu

- § 1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?
- § 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?
- § 3 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt örorkubætur?
- § 4 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt slysaörorkubætur?
- § 5 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt bættar biðtímabætur?
- § 6 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt sjúkrahúsdagpeninga?
- § 7 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt dánarbætur?
- § 8 Hvaða greiðslur innum við af hendi innan ramma lýtaaðgerða?
- § 9 Hvaða greiðslur innum við af hendi innan ramma björgunaraðgerða?
- § 10 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt fjölskyldubætur?
- § 11 Hvaða sérreglur gilda um stórmaurabit?
- § 12 Hvaða greiðslur innum við af hendi innan ramma bólusetningartjóns?

Útilokun greiðslu og takmörkun greiðslu

- § 13 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysatryggingu?
- § 14 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða heilsubrestir í slysatryggingu?

Sérstakar skyldur þínar

- § 15 Hvers ber að gæta eftir slys og á lífeyrisgreiðslutíma (skyldur)?
- § 16 Hvaða réttaráhrif hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Gjalddagar greiðslna okkar og endurgreiðsla kostnaðar

- § 17 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga?
- § 18 Á hvaða forsendum og að hvaða hæð endurgreiðum við kostnað við röksemdafærslu fyrir bótaskyldu okkar?

Endurmat örorku

- § 19 Hvenær er hægt að endurmeta örorkustigið?

Starfsbreyting

§ 20 Að hverju þarftu að gæta varðandi slysatrygginguna við breytingar á atvinnu eða iðju?

Tryggð iðgjaldsendurgreiðsla

Forsendur greiðslu og umfang greiðslu

- § 21 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?
- § 22 Hvaða greiðslur innum við af hendi við lifun umsaminnna samningsloka?
- § 23 Hvaða greiðslur innum við af hendi við fráfall?
- § 24 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðar- og sölukostnaðar við samning þinn?

Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild

- § 25 Eftir hvaða reglum er hagnaðarhlutdeild reiknuð út?
- § 26 Hvernig eru hagnaðarhlutar tryggingar þinnar notaðir?
- § 27 Hvernig fær trygging þín hlutdeild í matsvirðisauka?

Iðgjaldsfrí trygging

- § 28 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfría tryggingu?
- § 29 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupsvirðis úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?

Útborgun úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

- § 30 Hver fær útborgunina úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?
- § 31 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?

Sérstök UBR-vernd (UBR = slysatrygging með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu)

- § 32 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?
- § 33 Yfir hvaða greiðslur nær eiginfjármögnun?

Aðrar skyldur

- § 34 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð í skilningi laganna?

Skyldur í tengslum við iðgjaldsgreiðslu

- § 35 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?
- § 36 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?
- § 37 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

Réttaráhrif brota gegn skyldum

- § 38 Hvaða réttaráhrif hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Almenn ákvæði

- § 39 Hvenær hefst tryggingarverndin?
- § 40 Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?

- § 41 Hvernig er tryggingarárið ákveðið?
§ 42 Hvenær lýkur slysatryggingunni?
§ 43 Á hvaða forsendum er hægt að segja slysatryggingunni upp eftir tilkomu bótamáls?
§ 44 Hvenær fellur tryggingarverndin niður í hernaði?
§ 45 Hvernig er réttarstaða sammingsaðila innbyrðis?
§ 46 Hvaða lög gilda?
§ 47 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?
§ 48 Hvenær fyrnast sammingsbundnar kröfur samkvæmt lögum?
§ 49 Á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

Slysatrygging

Forsendur greiðslu og umfang greiðslu

§ 1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?

(1) Gildissvið

Við bjóðum tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir meðan slysatryggingin er í gildi. Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.

(2) Sly

Það telst slys ef hinn tryggði bíður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slystilvik) sem verkar utan frá á líkama hans. Það telst einnig slys ef aukin áreynsla á útlimi eða hrygg veldur því að

- liður snýst eða fer úr liði eða
- vöðvar, sinar, liðbönd eða belgir togna eða rifna.

(3) Greiðsluútilokanir og -takmarkanir

Við bendum á útilokanir (sjá § 13) og reglur um takmörkun bóta (sjá § 14); þær gilda um allar tegundir bóta.

§ 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?

Á gildistíma slysatryggingarinnar getur þú samið við okkur um tegundir bóta. Þeim er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum. Bótategundirnar, sem þú hefur samið um við okkur, og hæð tryggingarupphæðanna koma fram í tryggingarskírteininu..

§ 3 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt örorkubætur?

(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

a) Andleg eða líkamleg færni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka). Skerðing er varanleg ef hún varir fyrirstjáanlega lengur en þrjú ár og ekki eru líkur á að ástandið breytist.

Örorkan er

- komin fram innan eins árs eftir slysið og
- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

b) Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.

(2) Tegund og hæð tryggingargreiðslu

Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstólsupphæð. Útreikningur bóta byggist á tryggingarupphæð og örorkustigi vegna slyssins.

a) Við missi eða algjöra óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig:

Handleggur	70%
Handleggur fyrir ofan olnboga	65%

Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%
Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur ofan við mitt læri	70%
Fótleggur að miðju læri	60%
Fótleggur fyrir neðan hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%
Fótur (við ökkla)	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni að hluta gildir samsvarandi prósentustig hverju sinni..

b) Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða.

c) Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri örorku. Hana ber að mæla samkvæmt a) og b).

d) Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri orðið fyrir tjóni við slysið eru örorkustigin sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100%.

e) Leiði slys samkvæmt þessum ákvæðum og samkvæmt § 14 til örorku hins tryggða sem nemur minnst 70% greiðum við fimmfaldar örorkubætur. Viðbótargreiðslan takmarkast fyrir hvern hinn tryggða í hverju slysi við 1.000.000 EUR. Ef í gildi eru aðrar tryggingar fyrir hinn tryggða með fimmföldum eða fjórföldum örorkubótum hjá Allianz tryggingarfélaginu hf þá gildir hámarksupphæðin fyrir allar tryggingar samanlagt.

f) Falli hinn tryggði frá

- af orsök sem tengist ekki slysinu innan eins árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið

og hafi krafa um örorkubætur orðið til greiðum við samkvæmt því örorkustigi sem hefði mátt búast við á grundvelli læknaskýrslna.

§ 4 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt slysaörorkubætur?

(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

a) Andleg eða líkamleg færni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka). Skerðing er varanleg ef hún varir fyrirstjáanlega lengur en þrjú ár og ekki eru líkur á að ástandið breytist.

Örorkan er

- komin fram innan eins árs eftir slysið og
- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

b) Örorkustigið nemur að minnsta kosti

- 50% við slys fyrir lok 60. aldursárs eða
- 70% við slys eftir lok 60. aldursárs

án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt § 3 málsgrein 2 c) og án áhrifa sjúkdóma eða heilsubrestra samkvæmt § 14.

- c) Örorrustig vegna slyssins er metið samkvæmt ákvæðum § 3 málsgreina 2 a) til d).
- d) Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
- e) Falli hinn tryggði frá
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan eins árs eftir slysið eða
 - af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið

og hafi forsendur samkvæmt a) verið uppfylltar greiðum við ef á grundvelli læknskýrslna hefði mátt gera ráð fyrir að minnsta kosti 50% eða 70 % örorkustigi. Um mat örorkustigs gilda b) og c) eftir því sem við á.

(2) Tegund og hæð tryggingargreiðslu

Við greiðum slysaörorkubætur óháð aldri hins tryggða í umsaminni hæð (tryggingarupphæð).

3) Byrjun og tímalengd

Við greiðum slysaörorkubætur

- afturvirkir frá byrjun mánaðarins þegar slysið varð
- mánaðarlega fyrir fram.

Við greiðum slysaörorkubætur til loka sjötta mánaðar eftir fráfall hins tryggða. Slysaörorkubótum lýkur ennfrémur í lok þess mánaðar þegar komið hefur fram með nýrri mælingu samkvæmt § 19 að örorkustig vegna slyssins hafi lækkað niður fyrir 50% eða 70%.

(4) Sannanir á lífeyrisgreiðslutímanum

Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst höfum við rétt til þess að krefjast sönnunar þess að hinn tryggði sé enn á lífi. Verði sönnunin ekki send okkur umsvifalaust getum við stöðvað lífeyrisgreiðslurnar þangað til þú hefur fært okkur sönnunina.

(5) Hagnaðarhlutdeild með stöðugum lífeyrisgreiðslum

a) Uppruni hagnaðarhlutdeildar.

Til að tryggja lífeyrisgreiðslurnar reiknum við með 4% ávöxtun. Ef raunverulegar fjármagnstekjur eru hærrí en þessir reikningsvextir njóta lífeyrisgreiðsluþegarnir arðsins sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeildar.

b) Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.

Hagnaðarhlutdeild fer þannig fram að yfirstandandi lífeyriskrafa er hækkuð. Hækkuð lífeyriskrafa er tryggð í áunninni hæð hverju sinni. Hækkun fer í fyrsta lagi þá fram, þegar lífeyrisgreiðslur hafa verið þegnar í minnst eitt ár.

c) Hæð hagnaðarhlutdeildar

Við könnum árlega hvort hagnaðurinn sem varð á reikningsárinu og fé í varasjóði til iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) réttlæti hækkan yfirstandandi lífeyriskrafna. Eftir tillögu ábyrgs tryggingafræðings tekur stjórn okkar árlega ákvörðun um hvort og í hvaða hæð yfirstandandi lífeyriskröfur eru hækkaðar og birtir hana í ársskýrslunni. Ef til hækkanar kemur greiðum við hækkaðan lífeyri frá 1. janúar viðskiptaársins eftir könnunina. Við tilkynnum þér um hækkaða lífeyriskröfu.

d) Tekjur

Við notum að minnsta kosti 70% vaxtatekna af lífeyrisgreiðsluvarasjóðunum – að frádregnum þeim hluta sem miðað við útreiknaða ávöxtun þarf til þegar viðurkenndra lífeyrisgreiðslna – til hagnaðarhlutdeildar lífeyrisþega.

Vaxtatekjurnar sem notaðar eru til hagnaðarhlutdeildar lífeyrisþega leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) eða færum þær einstökum lífeyrisþegum til tekna sem hækkaðar lífeyriskröfur. Féð sem lagt er í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) megum við yfirleitt eingöngu nota til hagnaðarhlutdeildar lífeyrisþega.

§ 5 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt bættar biðtímabætur?

(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

a) Eðlileg líkamleg eða andleg færni hins tryggða er skert á atvinnusviði eða utan þess vegna slyssins án áhrifa sjúkdóma eða heilsubrestra

- eftir þrjú mánuði talið frá slysdegi enn um 100% (fyrsta stig) eða
- eftir sex mánuði talið frá slysdegi enn um minnst 50% (annað stig).

Þessar skerðingar hafa staðið yfir óslitið innan tilgreindra tímamarka.

b) Þú hefur haldið biðtímabótunum fram við okkur og lagt fram læknisvottorð á fyrsta stigi í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að slysið varð og á öðru stigi í síðasta lagi sjö mánuðum eftir að slysið varð.

(2) Tegund og hæð tryggingargreiðslu:

Biðtímabætur fyrsta stigs eru greiddar jafnháar og nemur helmingi umsaminnar tryggingarupphæðar; biðtímabætur annars stigs eru greiddar jafnháar og nemur fullri umsaminni tryggingarupphæð. Greiðslu fyrir fyrsta stig teljum við með.

§ 6 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt sjúkrahúsdagpeninga?

(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

Vegna slyssins dvelst hinn tryggði í læknisfræðilega nauðsynlegri lækningameðferð á sjúkrahúsi. Heilsubótardvöl og dvöl á heilsuhælum og hressingarheimilum teljast ekki læknisfræðilega nauðsynlegar lækningameðferðir.

(2) Hæð og tímalengd greiðslu

Sjúkrahúsdagpeningar eru greiddir jafnháir og umsamin tryggingarupphæð fyrir hvern almanaksdag sjúkrahúsméðferðarinnar, lengst þó í þrjú ár talið frá slysdegi.

§ 7 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt dánarbætur?

(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum slyssins innan eins árs. Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt § 15 málsgrein 5..

(2) Hæð tryggingargreiðslu

Dánarbætur eru greiddar jafnháar og umsamin tryggingarupphæð.

§ 8 Hvaða greiðslur innum við af hendi innan ramma lýtaaðgerða?

(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

a) Örorkubætur samkvæmt § 3 eru tryggðar. Hinn tryggði hefur gengist undir lýtaaðgerð eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina. Sem lýtaaðgerð telst læknismeðferð eftir lok lækningameðferðar í þeim tilgangi að bæta úr útlitsgöllum hins tryggða af völdum slyssins. Tannviðgerðir og gervitennur við missi eða skemmd framtanna eða augtanna af völdum slyssins gilda einnig innan ramma lækningameðferðar sem lýtalækningar.

b) Lýtaaðgerðin fer fram innan þriggja ára eftir slysið, við slys á ólögráða einstaklingum fyrir lok 21. aldursárs.

c) Þriðji aðili er ekki bótaskyldur eða neitar bótaskyldu sinni.

d) Ef fleiri en ein slysatrygging eru í gildi fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingum hf er aðeins hægt að krefjast kostnaðar fyrir lýtaaðgerðir úr einum þeirra samninga.

(2) Tegund og hæð greiðslu.

Við greiðum samtals bætur allt að hæð umsaminnar tryggingarupphæðar fyrir sannaðan

- læknikostnað og annan aðgerðarkostnað
- nauðsynlegan kostnað fyrir dvöl og fæði á sjúkrahúsi.

§ 9 Hvaða greiðslur innum við af hendi innan ramma björgunaraðgerða?

(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu
Örorkubætur samkvæmt § 3 eru tryggðar.

(2) Fyrirkomulag tryggingargreiðslna

a) Eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina bætum við fyrir kostnað við leitar- eða björgunaraðgerðir björgunarsveita sem skipulagðar eru af hinu opinbera eða einkaaðilum ef vanalegt er að taka gjald fyrir þær. Þennan kostnað bætum við líka ef slysið var beinlínis yfirvofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði. Við bætum kostnað við flutning hins slasaða að fyrirmælum læknis á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús.

Við bætum aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrirmælum læknis eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna. Við fráfall af slysförum bætum við kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.

b) Ef fleiri en ein slysatrygging eru í gildi fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingum hf er aðeins hægt að krefjast björgunarkostnaðar úr einum þeirra samninga.

(3) Hæð tryggingargreiðslna.

Hæð greiðslna er samtals takmörkuð við þá upphæð sem tilgreind er í tryggingarskírteininu.

Ef annar bótaskyldur aðili kemur til bætum við aðeins þann kostnað sem eftir verður.

§ 10 Hvaða greiðslur innum við af hendi ef þú hefur tryggt fjölskyldubætur?

(1) Fyrirkomulag og forsendur tryggingargreiðslna

a) Örorkubætur samkvæmt § 3 eru tryggðar. Á gildistíma slysatryggingarverndarinnar bjóðum við tryggingarvernd fyrir nýja maka og eigin börn hins tryggða í þrjá mánuði hverju sinni eftir giftingu eða fæðingu.

Ef þú tilkynnir okkur giftinguna eða fæðinguna innan þriggja mánaða framlengist tryggingarverndin fyrir nýju fjölskyldumeðlimina um 3 mánuði fyrir maka og um 9 mánuði fyrir börn.

Um tryggingarvernd fjölskyldubóta gilda ákvæði samkvæmt § 3. § 3 málsgrein 2 e) gildir ekki.

Ef fleiri en ein slysatrygging eru í gildi fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingum hf er aðeins hægt að krefjast þessara fjölskyldubóta úr einum þeirra samninga.

(2) Hæð tryggingargreiðslna

Tryggingarupphæðir fjölskyldubóta fyrir hvern viðbótaraðila eru

60.000 evrur fyrir örorku

12.000 evrur við fráfall maka og

6.000 evrur við fráfall barna.

§ 11 Hvaða sérreglur gilda um stórmaurabít?

(1) Aukaleg tryggingarvernd

Tryggingarverndin tekur líka til smits sem berst með stórmaurabiti.

(2) Sérreglur um um umsamdar bótategundir

Samkvæmt lýsingunum í þessum tryggingaskilmálum á bótategundunum

- örorkubótum
- slysaörorkubótum
- biðtímabótum
- dánarbótum

hefjast frestirnir sem þar eru nefndir ekki við slysið (stórmaursbit), heldur fyrst við fyrstu greiningu læknis á smitinu.

(3) Sérreglur um gjalddaga bóta við örorku

Áður en lækni meðferð er lokið er hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs frá fyrstu smitgreiningu lækni (í stað innan eins árs frá slysi) aðeins allt að hæð umsaminnar upphæðar við fráfall.

Þú og við höfum heimild til að láta lækni endurmeta örorkustigið árlega, lengst fram að þremur árum eftir fyrstu smitgreiningu lækni (í stað innan þriggja ára frá slysi). Hjá börnum til loka 14. aldursárs framlengist þessi frestur frá þremur árum í fimm.

§ 12 Hvaða greiðslur innum við af hendi innan ramma bóluþessingartjóns?

(1) Aukaleg þessingavarnnd

Þessingavarnndin tekur líka til bóluþessingartjóns vegna bóluþessingar gegn sýkingum.

Bóluþessingartjón er heilsuþessingur sem fer fram úr venjulegum viðbrögðum við bóluþessingu.

(2) Slystilvik

Bóluþessing gildir sem slystilvik í skilningi § 1 málsgreinar 2.

Útilokun greiðslu og takmörkun greiðslu

§ 13 Í hvaða tilfellum er þessingavarnnd útilokuð í slysaþessingu?

(1) Fyrir eftirtalin slys gildir engin þessingavarnnd:

Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða. Þessingavarnndin gildir þó ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slystilviks sem fellur undir þennan samning.

b) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.

c) Slys sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika. Þessingavarnndin gildir þó ef hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðsatvikum á ferðalagi erlendis. Þessi þessingavarnnd fellur niður við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelst. Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir virka þátttöku í stríði eða borgarastríði og ekki fyrir slys af völdum kjarna-, sýkla- eða efnavopna né í tengslum við stríð eða ófriðarástand milli Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.

d) Slys sem hinn tryggði verður fyrir

- sem stjórnandi loftfars (einnig flugíþróttataekis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
- við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
- við notkun geimfara.

e) Slys sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem ökumaður eða aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í akstursviðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.

f) Slys sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.

(2) Þar að auki eru eftirfarandi tjón útilokuð:

a) Skaði á hryggþófum, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Þessingavarnndin gildir þó ef aðalorsök in er slystilvik sem fellur undir þennan samning samkvæmt § 1 málsgrein 2.

b) Heilsutjón vegna geislunar.

c) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra. Þessingavarnndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan samning.

d) Sýkingar.

aa) Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af

- skordýrastungum eða -biti eða
- öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum

sem sýklar fóru um inn í líkamann þegar í stað eða seinna.

bb) Tryggingarverndin gildir þó fyrir

- hundaæði og stífkrampa,
- sýkingar þar sem sýklarnir bárust inn í líkamann um sár eftir slyss sem ekki eru útilokuð samkvæmt aa) og einnig fyrir
- sýkingar sem borist hafa með stórmaurabiti samkvæmt § 11.

cc) Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir c) setning 2 eftir því sem við á.

e) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið.

Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði er ekki orðin fullra tíu ára. Útilokaðar eru eitranir af völdum matvæla.

f) Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.

g) Maga- eða kviðslit.

Tryggingarverndin gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.

§ 14 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða heilsubrestir í slysatryggingu?

Sem slysatryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða heilsubrestir hafa haft áhrif á heilsutjón vegna slystilviks eða á afleiðingar þess

- lækkar prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða,
- lækka tryggingargreiðslur við fráfall og í öllum öðrum tilfellum ef ekki er samið um annað

í samræmi við þátt sjúkdómsins eða heilsubrestsins.

Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.

Sérstakar skyldur þínar

§ 15 Hvers ber að gæta eftir slyss og á lífeyrisgreiðslutíma (skyldur)?

Án þátttöku þinnar og hins tryggða getum við ekki greitt bætur.

(1) Kallað á lækni

Eftir slyss, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.

(2) Útfylling eyðublaða til að fá upplýsingar um bótamálið

Eyðublöðin, sem við sendum til að fá upplýsingar um bótamálið, verður þú og hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málið, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.

(3) Rannsóknir lækna

Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.

(4) Upplýsingar lækna

Gefa ber læknum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, váttryggjendum og stjórnvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

(5) Tilkynning um fráfall vegna afleiðinga slyss

Leiði slysið til fráfalls ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið. Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.

§ 16 Hvaða réttaráhrif hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Réttaráhrif þess að uppfylla ekki skyldur fara eftir § 38. Á forsendunum sem þar eru tilgreindar getum við verið laus undan greiðsluskyldu að fullu eða að hluta.

Gjalddagar greiðslna okkar og endurgreiðsla kostnaðar

§ 17 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga?

(1) Yfirlýsing um greiðsluskyldu okkar

Okkur er skylt að lýsa yfir því í textaformi innan eins mánaðar – við kröfu um örorkubætur innan þriggja mánaða – hvort og í hvaða hæð við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:

- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
- við örorkubótakröfur auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku.

(2) Bótageiðslufrestur

Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásátt við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna. Lífeyri greiðum við mánaðarlega fyrir fram.

(3) Fyrirframgreiðslur

Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin – einnig með hliðsjón af umsömdu lágmarksörorkustigi - greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirframgreiðslu. Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð umsaminna dánarbóta.

§ 18 Á hvaða forsendum og að hvaða hæð endurgreiðum við kostnað við röksemdafærslu fyrir bótaskyldu okkar?

Lækniskostnað, sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bótakröfuna, yfirtökum við

- við örorku upp að 1 prómilli tryggingarupphæðarinnar,
- við slysaörorkulífeyri upp að 10 prósentum mánaðarlífeyris,
- við biðtímabætur upp að 1 prósentu tryggingarupphæðarinnar,
- við sjúkrahúsdagpeninga upp að einu daggjaldi.

Annan kostnað tökum við ekki á okkur.

Endurmat örorku

§ 19 Hvenær er hægt að endurmeta örorkustigið?

Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið. Fram að lokum 14. æviárs framlengist þessi frestur úr þremur árum í fimm ár.

Þennan rétt

- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt § 17 málsgrein 1
- verður þú að nýta í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok frestsins.

Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

Starfsbreyting

§ 20 Að hverju þarftu að gæta varðandi slysatrygginguna við breytingar á atvinnu eða iðju?

(1) Tilkynning um breytingu

Grundvöllur ákvörðunar iðgjalds er starf eða iðja hins tryggða (sbr. „Ábendingar um aðstæður sem skipta máli fyrir áhættu í slysatryggingu“ undir starf/áhættuhópur). Breyting á starfi eða iðju (grunnherþjónusta, sjálfbodaliðaherþjónusta, samfélagsþjónusta, sjálfbodaliðafélagsþjónusta eða hernaðarlegar varaliðsæfingar teljast ekki til þess) geta haft áhættuaukningu eða áhættuminnkun í för með sér. Þess vegna verður þú að tilkynna okkur um slíkt tafarlaust

(2) Áhrif áhættuaukningar

Reiknist lægri tryggingarupphæðir við áhættuaukningu samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir samninginn með óbreyttu iðgjaldi gilda þær þegar tveir mánuðir eru liðnir frá áhættuaukningunni. Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslys og slys utan vinnu.

(3) Áhrif áhættuminnkunar

Reiknist hins vegar hærri tryggingarupphæðir við áhættuminnkun samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir samninginn með óbreyttu iðgjaldi gilda þær frá því að tilkynning þín berst okkur, í síðasta lagi þó eftir einn mánuð frá breytingu. Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslys og slys utan vinnu.

Tryggð iðgjaldsendurgreiðsla Forsendur greiðslu og umfang greiðslu

§ 21 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?

(1) Bótamál

Í tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu liggur bótamál fyrir ef hinn tryggði

- lifir umsamin samningslok eða fellur frá.

Ef annað er ekki beinlínis ákveðið í tryggingarskírteininu er hinn tryggði í iðgjaldsendurgreiðslunni sá sami og hinn tryggði í slysatryggingunni.

(2) Greiðslur úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu í bótamáli

Í bótamáli færð þú tryggingargreiðslur samkvæmt §§ 22 til 23. Þær byggjast á tryggðri endurgreiðslukröfu sem er áunnin með iðgjaldsgreiðslu.

a) Tryggð endurgreiðslukrafa með stöðugri iðgjaldsgreiðslu

Með hverju greiddu iðgjaldi ávinnur þú þér tryggða endurgreiðslukröfu. Endurgreiðslukröfuna fyrir hvert tryggingarár með iðgjaldsgreiðslu tilgreinum við í umsókninni og tryggingarskírteininu. Áunnin endurgreiðslukrafa í bótamáli er heildarupphæð áunninna krafna úr öllum greiddum iðgjöldum.

b) Sérreglur ef samið er um einstaka iðgjaldsgreiðslu (tafalaus innstæða)

Ef við höfum samið við þig um einstaka greiðslu myndum við tafarlausu innstæðu úr einstöku greiðslunni. Úr tafarlausu innstæðunni er árlega notuð upphæð til að byggja upp endurgreiðslukröfuna. Sem greidd iðgjöld í skilningi a) gilda iðgjöldin sem mundu reiknast við stöðuga iðgjaldsgreiðslu. Afgangsupphæð tafarlausu innstæðunnar er ávöxtuð árlega með tryggðri vaxtaþrósentu. Vextirnir sem bætast við hækka afgangsupphæð tafarlausu innstæðunnar. Ef afgangsupphæð úr tafarlausu innstæðunni er fyrir hendi í bótamáli greiðum við hana út aukalega sem einstaka höfuðstólsgreiðslu. Iðgjöldin sem mundu reiknast við stöðuga iðgjaldsgreiðslu, þróun tafarlausu innstæðunnar og tryggða vaxtaþrósentu fyrir afgangsupphæð tafarlausu innstæðunnar getur þú séð fyrir samning þinn í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu" sem við

afhentum þér við lok samningsgerðar.

§ 22 Hvaða greiðslur innum við af hendi við lifun umsaminna samningsloka?

Ef hinn tryggði lifir umsamin samningslok greiðum við út einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur hæð áunninnar endurgreiðslukröfu á þeim tíma samkvæmt § 21 málsgrein 2.

Við samningsbyrjun tilgreinum við hæð endurgreiðslukröfu þinnar við umsamin samningslok á grundvelli umsaminna iðgjaldsgreiðslu í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu" og í árlegum stöðutilkynningum.

§ 23 Hvaða greiðslur innum við af hendi við fráfall?

Ef hinn tryggði er fallinn frá greiðum við út einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur hæð áunninnar endurgreiðslukröfu við fráfallið samkvæmt § 21 málsgrein 2. Ef samið var um einstaka greiðslu greiðum við að auki afgangsupphæð tafarlausu innstæðunnar við fráfall ef hún hefur ekki að fullu verið notuð til að byggja upp endurgreiðslukröfuna.

Þróun hæðar höfuðstólsgreiðslu við fráfall á grundvelli umsaminna iðgjaldsgreiðslu við samningsbyrjun tilgreinum við í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu." Upplýsingar um hæð höfuðstólsgreiðslu við fráfall eru auk þess í árlegum stöðutilkynningum. Í bótamálum reiknum við höfuðstólsgreiðsluna við fráfall út til dauðadags nákvæmlega upp á dag.

§ 24 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðar- og sölukostnaðar við samning þinn?

Við gerð tryggingarsamninga verður til samnings- og sölukostnaður. Tekið er tillit til hans sem fasts kostnaðar við útreikning iðgjalda og hann er því ekki gjaldfærður sérstaklega. Tekið er tillit til hans við útreikning bótahöfuðstóls. Millifærsluaðferðin sem tilgreind er í § 4 í Bótasjóðsreglugluguðinni (Zillmeraðferð) er einnig notuð við samning þinn. Við útreikning hæðar iðgjaldsfrírrar tryggingar og endurkaupsvirðis er ekki tekið tillit til samningsgerðar- og sölukostnaðar.

Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild

§ 25 Eftir hvaða reglum er hagnaðarhlutdeild reiknuð út?

Við veitum tryggingartökum hlutdeild í hagnaði af fjármagnstekjum og af matsvirðisauka.

(1) Hlutdeild í hagnaði af fjármagnstekjum

a) Uppruni hagnaðar af fjármagnstekjum

Hagnaður verður til þegar raunverulegar fjármagnstekjur eru hærri en vaxtaþrósentan sem við byggjum á við útreikning iðgjalda og greiðslna við lifun umsaminna samningsloka og fráfall. Yfirleitt verður hagnaður til vegna þess að vaxtaþrósentan er varlega áætluð með tilliti til greiðslugetu.

Vaxtaþrósentu iðgjaldauðreikningsins tilgreinum við í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu." Með þessum vöxtum er reiknaður út varasjóður, fjármagnaður með iðgjöldunum, sem við myndum til að uppfylla skyldur gagnvart tryggingartakanum í tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu (sjá c)).

b) Tryggingareign UBR (UBR = slysatrygging með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu)

Allir tryggingartæknilegir varasjóðir sem nauðsynlegir eru fyrir tryggða iðgjaldsendurgreiðslu og hagnaðarhlutdeild eru baktryggðir með fjárfestingum sem safnað er saman í tryggingareign UBR. Tryggingareign UBR er undir eftirliti óháðs fjárhaldsmanns.

c) Nýting fjármagnstekna

Fjármagnstekjur sem skapast af fjárfestingum tryggingareignarinnar UBR leggjum við í tryggingareignina UBR að frádregnum kostnaði við eignastýringuna. Ef fjármagn er tekið úr tryggingareigninni UBR er þávirði þess fært henni til tekna.

Af fjármagnstekjunum notum við - ef þær samsvara varasjóði fjármögnum af iðgjöldum (sjá a)) - minnst 90% í greiðslur til tryggingartaka. Með þeirri upphæð eru fyrst fjármagnaðar tryggðar tryggingargreiðslur og útborganir úr matsvirðisauka ef þær eru hærri en lokahagnaðarréttindin úr

honum. Eftirstöðvarnar nýtum við til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka. Fjármagnstekjurnar sem notaðar eru til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) eða færum þær beint til tekna á einstaka samninga. Upphæðirnar sem lagðar eru í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) megum við yfirleitt aðeins nota til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka. Aðeins í undantekningartilvikum getum við vikið frá því samkvæmt ákvæðum í tryggingaæftirlitslögum (VAG) ef varasjóðinn þarf ekki að nota fyrir þegar ákveðna hagnaðarhluta.

d) Hagnaðarsamband

Allar tryggingar sem samið er um samkvæmt þessum skilmálum tilheyra hagnaðarsambandinu UPR 1994.

e) Birting hagnaðarhlutdeildarprósentunnar

Stjórn fyrirtækis okkar ákveður prósentustig og mælistuðla árlega að tillögu tryggingafræðings (yfirlýsing). Við birtum yfirlýsinguna árlega í ársskýrslu okkar sem þú getur alltaf fengið frá okkur. Við upplýsum þig árlega um stöðu hagnaðarhlutdeildar samnings þíns. Við lok samningsgerðar upplýsum við þig um þróun hagnaðarhlutdeildar á grundvelli gildandi yfirlýsingar við samningsgerð í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu."

(2) Hlutdeild í matsvirðisauka

Matsvirðisauki verður til þegar þávirði fjárfestinga tryggingareignanna UBR (sjá málsgrein 1 b) er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar með í uppgjörinu. Matsvirðisauki veitir öryggi og er notaður til að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmörkuðum. Við veitum tryggingartökum beina hlutdeild í matsvirðisauka. Til þess reiknum við hæð matsvirðisaukans reglulega út að nýju. Verðgildið sem fæst þannig færum við til samninganna samkvæmt § 27. Hlutdeildin er háð því skilyrði að fylgt sé eftirlitsréttarlegum reglum um fjármagnsstyrk sem gilda fyrir okkur. Við tilgreinum matsvirðisaukann í ársskýrslu okkar.

(3) Hæð hagnaðarhlutdeildar.

Hæð hagnaðar fer eftir þróun á fjármagnsmarkaði. Hæð matsvirðisauka er einnig háð fjármagnsmarkaðnum. Þess vegna getum við ekki ábyrgst hagnaðarhlutdeildina, gagnstætt greiðslum úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðsuni (sjá §§ 22 til 23).

§ 26 Hvernig eru hagnaðarhlutar tryggingar þinnar notaðir?

Hagnaðarhlutdeild er veitt gegnum bónuskröfur, réttindi til væntanlegs lokahagnaðarhluta og hlutdeild í matsvirðisauka samkvæmt § 27.

(1) Fjármögnun bónuskrafna

Við notum árlega hagnaðarhluta úr endurgreiðslukröfu og við einstaka iðgjaldsgreiðslu úr tafarlausri innstæðu til að greiða iðgjaldsfría viðbótargreiðslu (bónuskröfur). Bónuskröfurnar eiga aftur sjálfar hlutdeild í hagnaði. Árlegir hagnaðarhlutar úr bónuskröfum eru notaðir eins og lýst er í setningu 1.

(2) Greiðslur úr bónuskröfum

Bónuskröfunum er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeirri hæð. Þær eru aukalegar höfuðstólsgreiðslur sem falla í gjalddaga með endurgreiðslukröfu við lifun umsaminna samningsloka eða fráfall. Tekið er tillit til bónuskrafna úr endurgreiðslukröfu við útreikning endurkaupsvirðis (sjá § 29 málsgrein 4).

Bónuskröfur úr tafarlausri innstæðu gjaldfalla fyrir tímann í einni upphæð ef slysatryggingunni lýkur fyrir lok umsamins tíma vegna uppsagnar (sjá § 28 málsgrein 2) eða gert er tilkall til greiðslna úr eiginfjármögnun samkvæmt § 33.

(3) Greiðslur úr réttindum til væntanlegs lokahagnaðar

Réttindi til væntanlegs lokahagnaðar geta áunnist úr fjármagnstekjum og hlutdeild í matsvirðisauka (sjá § 27). Hæð þeirra er ekki tryggð á samningstímanum og þau falla aðeins í gjalddaga við lifun umsaminna samningsloka eða við fráfall og aðeins ef slysatryggingunni hefur á þeim tíma ekki verið sagt upp. Réttindi til væntanlegs lokahagnaðar úr tafarlausri innstæðu gjaldfalla einnig ef gert er tilkall til greiðslna úr eiginfjármögnun samkvæmt § 33.

§ 27 Hvernig fær trygging þín hlutdeild í matsvirðisauka?

(1) Tímapunktur hlutdeildar

Auk hlutdeildar í hagnaði af fjármagnstekjum fær trygging þín hlutdeild í matsvirðisauka við samningsslit. Hún fær einnig hlutdeild ef afgangsupphæð úr tafarlausri innstæðu er greidd út.

(2) Úthlutunararhæfur matsvirðisauki

Matsvirðisauki tryggingareigna UBR er úthlutunararhæfur ef hann samsvarar varasjóði fjármögnum með iðgjöldum og fellur á samninga með kröfurétt.

(3) Orsakamiðuð hlutdeildaraðferð

Hlutdeild í matsvirðisauka er reiknuð út með orsakamiðaðri aðferð.

Með þessari aðferð er matsvirðisauki, sem úthlutað er til einstaks samnings, ákveðinn sem hluti af úthlutunarhæfum matsvirðisauka allra samninga með kröfurétt. Þeir samningar hafa ekki kröfurétt þar sem greiddur er lífeyrir, þar sem gjalddagi greiðslna úr iðgjaldsendurgreiðslunni er liðinn hjá eða þar sem hagnaðarhlutdeild er ótvírætt útilokuð.

(4) Úthlutun og nýting matsvirðisauka

Við samningsslit úthlutum við tryggingu þinni helmingnum af upphæð matsvirðisauka úr endurgreiðslukröfunni sem reiknuð er út til þess tímapunkts. Þegar samningnum lýkur greiðum við út úthlutaða hlutdeild í matsvirðisauka. Auk þess úthlutum við helmingi matsvirðisauka sem færður er til tafarlausrar innstæðu ef afgangsupphæð úr tafarlausri innstæðu er greidd út. Í þessu tilviki er úthlutaður matsvirðisauki greiddur úr tafarlausu innstæðunni.

(5) Hæð hlutdeildar og grunnupphæð.

Hæð matsvirðisauka, sem trygging þín fær hlutdeild í, er háð fjármagnsmarkaði og verður fyrir sveiflum. Til að jafna út þessar sveiflur getum við, háð hagnaðarstöðu okkar, ákveðið réttindi til væntanlegs lokahagnaðar úr matsvirðisaukanum (grunnupphæð) fyrir hlutdeild í matsvirðisauka. (sjá § 26). Óháð raunvirði matsvirðisaukans gjaldfellur að minnsta kosti grunnupphæðin ef slysatryggingunni hefur ekki verið sagt upp á úthlutunartímanum. Þar með er krafa um hlutdeild í matsvirðisauka að því leyti uppfyllt.

(6) Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar getur þú fengið í ársskýrslu okkar.

Iðgjaldsfrí trygging

§ 28 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfría tryggingu?

(1) Breyting í iðgjaldsfría tryggingu

Ef skyldu þinni til iðgjaldsgreiðslu lýkur fyrir umsamin samningslok vegna þess að

- slysatryggingunni var sagt upp – af þér eða okkur – (sjá § 42 málsgrein 2) eða
- við höfum samið um það að iðgjaldsgreiðslu ljúki fyrir umsamin samningslok tryggingar þinnar (sjá § 40 málsgrein 2)

breytum við tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu í iðgjaldsfría tryggingu til umsaminna samningsloka. Breyting tryggðrar iðgjaldsendurgreiðslu í iðgjaldsfría tryggingu getur breytt umfangi tryggingargreiðslna okkar úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu sem lýst er í § 21 málsgrein 2. Nánari upplýsingar um hæð iðgjaldsfríu tryggingarinnar getur þú fengið í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu" sem við afhentum þér við lok samningsgerðar.

(2) Greiðslur úr iðgjaldsfríri tryggingu ef breytingin er gerð vegna uppsagnar slysatryggingarinnar

Við uppsögn slysatryggingainnar samsvarar krafa þín úr iðgjaldsfríu tryggingunni áunninni endurgreiðslukröfu við lok iðgjaldsgreiðslu. Umsamda höfuðstólsgreiðslu við lifun (sjá § 22) skerðum við í hlutfalli hæðar iðgjaldsfríu tryggingarinnar við mögulega áunna endurgreiðslukröfu við umsamin samningslok án uppsagnar.

Ef áunnin endurgreiðslukrafa fyrir iðgjaldsfríu trygginguna við breytingu vegna uppsagnar

slysatryggingarinnar nær ekki 1.000 EUR höldum við samningnum ekki áfram heldur greiðum kröfurnar með því að greiða út endurkaupsvirðið samkvæmt § 20.

Ef þú samdir við okkur um einstaka greiðslu (tafarlausu innstæðu) og slysatryggingunni lýkur vegna uppsagnar greiðum við út afgangsupphæð tafarlausu innstæðunnar og hagnaðarhlutdeild sem úthlutað var til tafarlausu innstæðunnar.

§ 29 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupsvirðis úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?

(1) Forsendur fyrir útborgun endurkaupsvirðis

Þú getur aðeins krafist útborgunar endurkaupsvirðisins ef tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu hefur áður þegar verið breytt í iðgjaldsfría tryggingu.

Ósk þín um útborgun endurkaupsvirðis verður að vera í skriftarformi. Nýting réttarins með faxi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfuna um skriftarform nema tryggt sé að hægt sé að sanna hver sendandinn er.

(2) Afleiðing útborgunar endurkaupsvirðis

Með útborgun endurkaupsvirðisins úr iðgjaldsfríu tryggingunni greiðum við upp greiðslurnar til þín úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni samkvæmt §§ 22 til 23 fyrir tímann. Frekari kröfur gilda ekki.

Tryggingarsamningnum lýkur þá (sjá § 40 málsgrein 1).

(3) Hæð endurkaupsvirðis

Endurkaupsvirðið er reiknað út á grundvelli bótahöfuðstóls iðgjaldsfríu tryggingarinnar sem reiknaður er út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar á grundvelli iðgjaldaútreiknings á uppsagnartímanum. Við útreikninginn drögum við frá 50 evrur vegna þess að við útborgun endurkaupsvirðis verður til aukinn stjórnsýslukostnaður sem aðrir tryggingartakar eiga ekki að bera.

Ef þú sannar okkur að ástæðan fyrir frádráttinum eigi ekki við í þínu tilviki eða að frádrátturinn ætti að vera miklu lægri fellur frádrátturinn niður eða við skerðum hann eins og við á.

Útborgun endurkaupsvirðisins hefur ókosti í för með sér. Endurkaupsvirðið er lægra en áunnin endurgreiðslukrafa. Við útreikning endurkaupsvirðis er ekki tekið tillit til sammingsgerðar- og sölukostnaðar.

Nánari upplýsingar um hæð endurkaupsvirðisins getur þú fengið í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu" sem við afhentum þér við lok sammingsgerðar.

(4) Áunnar bónuskröfur

Fyrir þegar áunnar bónuskröfur gilda málsgreinar 1 til 3 eftir því sem við á og þá er ekki dregið meira frá fyrir aukinn stjórnsýslukostnað. Greiðsla bónuskrafna fyrir tímann er aðeins möguleg sameiginlega með endurgreiðslukröfu.

(5) Matsvirðisauki

Með útborgun endurkaupsvirðis er helmingi matsvirðisauka sem færður var til sammings þíns einnig úthlutað og hann greiddur út.

Útborgun úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

§ 30 Hver fær útborgunina úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?

Umsamda greiðslu greiðum við þér sem tryggingartaka

- við lifun umsaminna sammingsloka og
- við endurkaup

ef þú hefur ekki ákveðið og tilkynnt okkur um annað. Greiðslan við fráfall er greidd þeim sem þú hefur tilgreint í því tilviki sem rétthafa sem á að fá kröfurnar úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni. Ef þú hefur ekki tilgreint neinn rétthafa greiðum við þér eða erfingjum þínum.

§ 31 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?

(1) Sönnun kröfuréttar með framvísun tryggingarskírteinis

Framvísun tryggingarskírteinisins er forsenda útborgunar úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni. Við getum talið handhafa tryggingarskírteinisins réttbæran til að taka við greiðslum. Leiki vafi á kröfuretti handhafa tryggingarskírteinisins getum við krafist aukalegrar réttarsönnunar. Ef ekki er hægt að framvísa tryggingarskírteininu verður kröfuhafinn að leggja fram aðra sönnun fyrir rétti sínum.

(2) Sönnun fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu

Fyrir útborgun úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu getum við einnig krafist sönnunar fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.

(3) Dánarvottorð við fráfall

Fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða skal tilkynna okkur tafarlaust. Þá ber að afhenda okkur afrit af opinberu dánarvottorði. Við fráfall af slysförum ber að auki að fara eftir § 15 málsgrein 5.

Sérstök UBR-vernd (UBR = slysatrygging með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu)

§ 32 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?

(1) Áhrif atvinnuleysis eða óvinnufærni á slysatryggingarvernd þína

Ef þú verður atvinnulaus eða óvinnufær hefurðu rétt til þess samkvæmt málsgreinum 3 til 5 að halda slysatryggingarverndinni áfram í sama umfangi í takmarkaðan tíma (tímareikningur) án frekari iðgjaldsgreiðslu (iðgjaldsfrí slysatrygging).

(2) Áhrif iðgjaldsfrírar slysatryggingar á greiðslur úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

Tryggingargreiðsla við fráfall miðast við áunna endurgreiðslukröfu við upphaf iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar. Allar tímasetningar sem tilgreindar eru í "Viðbótartryggingarupplýsingum um slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu" um greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni frestast um gildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar.

(3) Forsendur fyrir tilkalli þínu til iðgjaldsfrírar slysatryggingar

- Þú leggur inn viðeigandi umsókn; slysatryggingarvernd er í gildi þegar tilkynning berst um óvinnufærni þína eða atvinnuleysi,
- þú ert lengur en sex vikur frá vinnu vegna veikinda eða þú ert á atvinnuleysisbótum,
- í samningi þínum er kveðið á um stöðugar iðgjaldsgreiðslur,
- þegar tilkynning berst hefur samningur þinn verið í gildi í minnst tólf mánuði,
- þú ert ekki orðin(n) fullra 65 ára og ekki er komið fram yfir hámarkstímalengd tímareiknings þíns (sjá málsgrein 4).

Við höfum rétt til þess að krefjast viðeigandi sönnunar af þér um tilvist og upphaf atvinnuleysisins eða óvinnufærinnar. Ef gefnar eru rangar upplýsingar gildir engin iðgjaldsfrí slysatryggingarvernd innan ramma tímareikningsins.

(4) Hámarkstími iðgjaldsfrírar slysatryggingar

Á samningstímanum getur þú margsinnis gert tilkall til iðgjaldsfrírar slysatryggingar, samtals í allt að 24 mánuði. Fyrir hvert tilkall er gildistíminn þó að hámarki allt að sex mánuðir.

Ef samningur þinn hefur við tilkallið verið minnst þrjú ár í gildi hefurðu iðgjaldsfríu slysatrygginguna til ráðstöfunar að hámarki í allt að tólf mánuði fyrir hvert tilkall.

(5) Byrjun og lok iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar

Iðgjaldsfría slysatryggingin hefst með næsta gjalddaga enn ógreidds framhaldsiðgjalds eftir tilkynningu þína.

Henni lýkur, án þess að þörf sé á viðbótaryfirlýsingu um lokin, daginn fyrir gjalddaga næsta framhaldsiðgjalds eftir að óvinnufærni þinni eða atvinnuleysi lýkur, í síðasta lagi þó við lok hámarksgildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar sem tilgreindur er í málsgrein 4.

Iðgjaldsgreiðsluskyldan verður aftur virk þegar iðgjaldsfríu slysatryggingunni lýkur. Þess vegna verður þú að tilkynna okkur um lok óvinnufærinnar eða atvinnuleysisins (skylda). Ef þú brýtur gegn þessari skyldu getur það haft áhrif á greiðsluskyldu okkar (sjá § 38).

§ 33 Yfir hvaða greiðslur nær eiginfjármögnun?

(1) Slysátryggingarvernd án iðgjaldsgreiðslu
Ef hinn tryggði

- verður fyrir slysi á iðgjaldsgreiðslutímanum sem leiðir til minnst 70% örorku samkvæmt ákvæðum í § 3 og samkvæmt § 14 og
- hefur slysátryggingarvernd þegar slysið verður

Lýkur iðgjaldsgreiðsluskyldu frá næsta iðgjaldsgjaldsdaga eftir slysdaginn ef samið var um stöðuga iðgjaldsgreiðslu. Ef samið var um einstaka iðgjaldsgreiðslu greiðum við út afgangsupphæð tafarlausrar innstæðu reiknaða út til slysdagsins og hagnaðarhlutdeildina sem fellur á tafarlausu innstæðu. Við höldum slysátryggingunni áfram til umsamins tíma í umsömdu umfangi.

(2) Áhrif á greiðslur úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu
Í bótamáli (sjá § 21 málsgrein 1) eru greiðslur úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu reiknaðar út eins og iðgjöldin væru greidd eins og umsamið var.

Aðrar skyldur

§ 34 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð í skilningi laganna?

(1) Tilkynningaskylda

a) Viðfang tilkynningaskyldu

Fram að afhendingu samningsyfirlýsingar þinnar ber þér skylda til þess að tilkynna okkur sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelst um allar aðstæður sem skipta máli fyrir áhættu, sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi. Þær aðstæður skipta máli fyrir áhættu sem skipta máli við ákvörðun okkar um að gera samninginn yfirleitt eða með umsömdu efni. Tilkynningaskyldan gildir einnig um spurningar um aðstæður sem skipta máli fyrir áhættu sem við spyrjum þig í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína en fyrir samningssamþykki.

b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan aðila en þig ber hann einnig – auk þín – ábyrgð á að spurningum, sem spurt er í textaformi, sé svarað sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelst.

c) Eignun vitneskju þriðju aðila

Ef annar aðili svarar fyrir þig spurningum um aðstæður, sem hafa áhrif á áhættu, verða vitneskja og sviksemi þess aðila eignaðar þér.

(2) Óhagstæð réttaráhrif brota gegn tilkynningaskyldu

a) Réttindi okkar við brot gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í §§ 19 til 22 í tryggingasamningalögum (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan greiðsluskyldu,
- sagt slysátryggingunni upp,
- breytt samningnum eða
- vefengt samninginn vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttindi okkar til riftunar, uppsagnar eða samningsbreytingar gilda aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu í textaformi.

b) Brotfall réttinda okkar

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar og til samningsbreytingar fellur niður ef meira en 5 ár eru liðin frá samningsgerð. Það gildir ekki ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu vegna bótamáls sem kom upp fyrir lok þessa frests. Fresturinn samkvæmt setningu 1 er 10 ár ef þú hefur brotið gegn tilkynningaskyldunni af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru 10 ár frá samningsyfirlýsingu þinni.

c) Afleiðingar riftunar

Ef til riftunar kemur eigum við rétt á þeim hluta iðgjaldsins sem samsvarar samningstímanum sem liðinn er til gildistöku riftunaryfirlýsingarinnar.

Ef við riftum hefur það áhrif á tryggingavernd þína.

Við riftun fyrir tilkomu bótamáls gildir engin tryggingarvernd. Við riftun eftir tilkomu bótamáls megum við ekki neita tryggingarvernd ef þú sannar að aðstæðurnar, sem tilkynnt var um að hluta eða ranglega, hafi hvorki verið orsakavaldandi fyrir bótamálið né staðfestingu eða umfang tryggingargreiðslunnar. Einnig í því tilviki gildir þó engin tryggingarvernd ef þú hefur brotið sviksamlega gegn tilkynningaskyldunni.

Úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni færð þú endurkaupsvirðið sem reiknað er út fyrir riftunartímann (sjá § 29). Ef samið var um einstaka iðgjaldsgreiðslu greiðum við að auki út afgangsupphæð tafarlausrar innstæðu reiknaða út á riftunartímanum og hagnaðarhlutdeild sem fellur til tafarlausu innstæðunnar.

Þú getur ekki krafist endurgreiðslu iðgjalda sem greidd voru til þess tíma.

d) Afleiðingar uppsagnar

Ef við segjum slysatryggingunni upp vegna brots gegn tilkynningaskyldu er tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt samkvæmt § 28 í iðgjaldsfría tryggingu.

e) Afleiðingar samningsbreytingar

Ef við innan ramma samningsbreytingar

- hækkum iðgjaldið um meira en 10% eða
- lækkum tryggingarupphæðir slysatryggingarinnar um meira en 10% eða
- útilokum váttryggingu fyrir aðstæður sem ekki var upplýst um

getur þú sagt slysatryggingunni upp samkvæmt § 19 málsgrein 6 í tryggingasamningalögum (VVG). Tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er þá breytt í iðgjaldsfría tryggingu samkvæmt § 28.

f) Afleiðingar vefengingar

Ef til vefengingar kemur eigum við rétt á þeim hluta iðgjaldsins sem samsvarar samningstímanum sem liðinn er til gildistöku vefengingaryfirlýsingarinnar. Það gildir einnig ef tryggingarverndin fellur niður afturvirkir í þessum tilvikum.

(3) Víkkun tryggingarverndar

Málsgreinar 1 og 2 gilda eftir því sem við á ef tryggingarverndin er víkkuð eftir á og ný áhættukönnun er því nauðsynleg

(4) Krafa um skriftarform

Nýting réttar til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða samningsbreytingar skal vera í skriftarformi. Nýting réttarins með faxi eða tölvupósti fullnægir ekki kröfunni um skriftarform nema tryggt sé að hægt sé að sanna hver sendandinn er.

Skyldur í tengslum við iðgjaldsgreiðslu

§ 35 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?

(1) Iðgjaldsgreiðslutími

Iðgjaldsgreiðslutíminn er fastákveðinn með samningi. Hægt er að semja um að á þessum tíma séu greidd stöðug iðgjöld fyrir umsamin greiðslutímabil eða í einu lagi fyrir meira en eitt tryggingarár (einstök greiðsla).

(2) Greiðslutímabil

Greiðslutímabilið getur eftir samkomulagi verið mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Við tilgreinum það í tryggingarskránni. Iðgjaldið er reiknað út eftir umsömdu greiðslutímabili. Greiðslutímabil fyrir einstaka greiðslu er eitt ár. Tryggingartímabilið (sjá § 12 í tryggingasamningalögum (VVG)) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

(3) Tryggingarskattur

Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifalinn tryggingarskattur sem ákveðinn er með lögum og þér ber að greiða.

(4) Gjaldalagi tryggingariðgjalda

a) Fyrsta iðgjald eða einstök greiðsla

Fyrsta iðgjald eða einstaka greiðslu skal greiða tafarlaust eftir gerð sammingsins. Ef þú hefur samið við okkur um að tryggingarverndin hefjist seinna fellur iðgjaldið þó fyrst í gjalddaga á þeim tíma.

b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöldin ber að greiða á fyrsta degi hvers mánaðar á umsömdu greiðslutímabili, ef ekki var samið um annað.

(5) Greitt á réttum tíma

Iðgjaldsgreiðslan er á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt fyrir gjalddaga til að greiðslan berist okkur. Ef samið var um greiðslu með skuldfærslu (sjá málsgrein 7) telst iðgjaldsgreiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

-
- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og
- reikningseigandinn andmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og eigir þú ekki sök á því er greiðslan þá líka á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig til greiðslu í textaformi, t.d. með bréfi, faksi eða tölvupósti.

(6) Millifærsluáhætta

Millifærsla iðgjaldsins fer fram á þína ábyrgð og þinn kostnað.

(7) Greiðsla með skuldfærslu

a) Innheimtuheimild

Ef greiða á iðgjaldið af reikningi (skuldfærsla) verður að veita okkur innheimtuheimild til þess.

b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld verður að greiða með skuldfærslu.

c) Afleiðingar árangurslausrar skuldfærsluinnheimtu

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því

- getum við krafist þess að greiðslur fari framvegis fram utan skuldfærslukerfisins;
- höfum við rétt til þess að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda ákvæði um vanskil (sjá §§ 36 og 37).

§ 36 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?

(1) Tryggingarverndinni stofnað í hættu

Byrjun tryggingarverndarinnar er háð því að iðgjaldið sé greitt á réttum tíma (sjá § 39). Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma (í skilningi § 35 málsgreinar 4 a) gildir tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið.

Við erum ekki skyldug til greiðslu í bótamálum sem upp koma á tímabilinu þar á milli nema þú sannir okkur að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

Við getum aðeins talið okkur laus undan greiðsluskyldu ef við höfum bent þér á þessi réttaráhrif iðgjaldsgreiðslufalls í textaformi (til dæmis bréfi, faksi eða tölvupósti) eða með áberandi ábendingu í tryggingarskírteininu.

(2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem greiðslan hefur ekki borist okkur. Riftunarrétturinn er útilokaður ef þú sannar að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

§ 37 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

(1) Vanskil

Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma í skilningi § 35 málsgreinar 4 b) ert þú komin í vanskil án frekari greiðsluáskorana nema þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu. Við höfum rétt til að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.

(2) Frestir

Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma getum við veitt þér greiðslufrest á þinn kostnað í textaformi (t.d. í bréfi, faxi eða tölvupósti) sem verður að nema að minnsta kosti tveimur vikum. Ákvæðið er aðeins virkt ef við tilgreinum vanskilaupphæðina, vexti og kostnað í einstökum liðum og bendum á réttaráhrifin sem tengjast lokum frestsins samkvæmt málsgreinum 3 til 5.

(3) Engin tryggingarvernd við lok frests án árangurs

Fyrir bótamál sem koma upp eftir settan gjaldfrest gildir engin tryggingarvernd ef

- þú ert enn í vanskilum með greiðslu iðgjalds, vaxta eða kostnaðar þegar bótamálið kemur upp og
- við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var settur.

(4) Uppsagnarréttur okkar við lok frests án árangurs

Ef þú ert enn í vanskilum með iðgjöld, vexti eða kostnað þegar settur gjaldfrestur er liðinn getum við sagt slysatryggingunni upp án þess að gæta uppsagnarfrests. Forsenda er að við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var settur. Tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er þá breytt í iðgjaldsfría tryggingu samkvæmt § 28. Við getum lýst yfir uppsögn þegar um leið og fresturinn er settur. Ef þú ert enn í vanskilum með greiðslu iðgjalds, vaxta eða kostnaðar við lok frestsins tekur uppsögnin þá sjálfkrafa gildi. Við uppsögn bendum við þér skýrt á það.

(5) Áframhald samnings ef þú greiðir upphæð til innheimtu eftir á

Uppsögn okkar fellur úr gildi og samningurinn gildir áfram ef þú greiðir upphæðina sem er til innheimtu eftir á innan eins mánaðar. Mánaðarfresturinn hefst með uppsögninni eða, ef uppsögnin var þegar tengd frestinum, við lok gjaldfrestsins.

Fyrir bótamál sem koma upp milli loka gjaldfrestsins og greiðslu eftir á gildir þó engin tryggingarvernd.

Réttaráhrif brota gegn skyldum

§ 38 Hvaða réttaráhrif hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Ef þú vanrækir skyldu getur það leitt til þess að við verðum ekki bótaskyld eða aðeins að hluta. Í einstökum atriðum gildir:

- Ef þú vanrækir skylduna af ráðnum hug erum við ekki bótaskyld.
- Ef þú vanrækir skylduna af vítaverðu gáleysi er okkur heimilt að skerða tryggingargreiðsluna. Skerðingin fer eftir því hve alvarleg vanrækslan var. Hún getur hugsanlega leitt til þess að krafan tapist að fullu. Ef þú sannar að ekki hafi verið um vítavert gáleysi að ræða skerðum við ekki tryggingargreiðsluna.

Jafnvel þó fyrir liggja vanræksla af ráðnum hug eða vítaverðu gáleysi erum við bótaskyld ef þú sannar okkur að vanrækslan

- hafi hvorki valdið tilkomu eða viðurkenningu bótamálsins
- né viðurkenningu eða umfangi bótaskyldu okkar.

Þetta gildir ekki ef þú vanræktir skylduna af sviksamlegum hug.

Almenn ákvæði

§ 39 Hvenær hefst tryggingarverndin?

(1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst á umsömdum tíma ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi § 35 málsgreinar 4 a). Ef þú greiðir ekki iðgjaldið á réttum tíma hefst tryggingarverndin því fyrst á þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá § 36 málsgrein 1).

Við greiðum ekki fyrir bótamál sem koma upp fyrir upphaf tryggingarverndarinnar.

(2) Víkkun tryggingarverndar

Ef þú víkkar tryggingarverndina eftir á gildir málsgrein 1 einnig um þá víkkun tryggingarverndarinnar.

§ 40 Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?

(1) Tímalengd tryggingarsamningsins

Þú gerir tryggingarsamninginn við okkur fyrir umsamin samningstíma - það er tíminn frá upphafi samningstímans til umsaminna samningsloka. Honum lýkur sjálfkrafa við umsamin samningslok án þess að til þess þurfi sérstaka uppsagnaryfirlýsingu. Nánari upplýsingar um samningstímamann færðu í tryggingarskírteininu þínu.

Tryggingarsamningnum lýkur auk þess án þess að þörf sé á sérstakri yfirlýsingu

- við fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða
- ef kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni eru greiddar með útborgun endurkaupsvirðisins fyrir tímann.

(2) Frávik í tímalengd slysatryggingar og iðgjaldsgreiðslu

Hægt er að semja um að slysatryggingunni og iðgjaldagreiðsluskyldunni ljúki fyrir umsamin samningslok. Í tryggingarskírteininu þínu geturðu séð hvort slysatryggingunni og iðgjaldsgreiðsluskyldu þinni lýkur við umsamin samningslok eða fyrr. Ef iðgjaldsgreiðsluskyldunni lýkur fyrir umsamin samningslok er tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu þinni breytt í iðgjaldsfría tryggingu til umsaminna samningsloka (sjá § 28).

§ 41 Hvernig er tryggingarárið ákveðið?

Tryggingarárið er fyrsta árið frá upphafi tryggingarinnar og hvert ár sem kemur á eftir því.

§ 42 Hvenær lýkur slysatryggingunni?

(1) Sjálfkrafa lok

Slysatryggingunni lýkur á umsömdum tíma án þess að þörf sé á uppsagnaryfirlýsingu en þó í síðasta lagi við lifun umsaminna samningsloka.

(2) Lok með skriflegri uppsögn

Þú getur sagt slysatryggingunni upp fyrir tímann

- við lok tryggingarárs; uppsögnin verður að hafa borist okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir þann tíma;
- við brot gegn tilkynningaskyldu (sjá § 34 málsgrein 2) ef við hækkum iðgjaldið um meira en 10% eða lækkum tryggingarupphæðir slysatryggingarinnar um meira en 10% eða útilokum váttryggingu fyrir aðstæður sem ekki var upplýst um eða
- eftir tilkomu bótamáls samkvæmt § 43 málsgrein 1.

Við getum sagt slysatryggingunni upp fyrir tímann

- við brot gegn tilkynningaskyldu samkvæmt § 34,
- ef þú ert í vanskilum með framhaldsiðgjald samkvæmt § 37 málsgrein 4,
- eftir tilkomu bótamáls samkvæmt § 43 málsgrein 1 eða
- ef þú andmælir skilmálaaðlögun samkvæmt § 49.

Uppsögn samkvæmt þessum ákvæðum þarf að vera í skriftarformi. Uppsögn með tölvupósti telst ekki vera í skriftarformi nema tryggt sé að hægt sé að sanna hver sendandinn er.

Ljúki slysstryggingunni fyrir tímann, getum við – svo framarlega sem lög kveði ekki á um annað – aðeins krafist þess hluta iðgjaldanna, sem samsvarar því tímabili þegar tryggingarvernd var í gildi. Við breytum þá tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu í iðgjaldsfría tryggingu (sjá § 28). Hægt er að greiða út endurkaupsvirðið samkvæmt §§ 28 og 29. Í því tilviki lýkur tryggingarsamningnum (sjá § 40 málsgrein 1).

§ 43 Á hvaða forsendum er hægt að segja slysstryggingunni upp eftir tilkomu bótamáls?

(1) Uppsagnarréttur

Eftir að til bótamáls kemur getur hvor sammingsaðili fyrir sig sagt slysstryggingunni upp.

(2) Uppsagnaryfirlýsing

Uppsögnin verður að hafa borist sammingsaðilanum í síðasta lagi einum mánuði eftir tryggingargreiðslu eða - ef um málarekstur er að ræða - eftir afturköllun kæru, viðurkenningu, sátt eða gildistöku dóms. Uppsögn samkvæmt þessum ákvæðum skal vera í skriftarformi. Uppsögn með tölvupósti fullnægir ekki kröfu um skriftarform nema tryggt sé að hægt sé að sannreyna hver sendandinn er.

(3) Gildistaka uppsagnar

Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögn þín taki gildi síðar en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs (sjá § 41). Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

§ 44 Hvenær fellur tryggingarverndin niður í hernaði?

(1) Hlé og virkjun tryggingarverndar

Tryggingarvernd hins tryggða í slysstryggingu verður óvirk jafnskjótt og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands. Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning þín um að þjónustunni sé lokið.

(2) Áhrif á tryggða iðgjaldsendurgreiðslu

Svo lengi sem tryggingarverndin í slysstryggingunni er óvirk samkvæmt málsgrein 1 helst tryggða iðgjaldsendurgreiðslan áfram iðgjaldsfrí með áunninni endugreiðslukröfu og umsamin sammingslok frestast um þann tíma. Ef hinn tryggði fellur frá á þessum tíma greiðum við í stað tryggingargreiðslna úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni endurkaupsvirðið samkvæmt § 29 og þá er ekkert dregið frá vegna aukins stjórnsýslukostnaðar.

§ 45 Hvernig er réttarstaða sammingsaðila innbyrðis?

(1) Trygging annars aðila

Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Asamt hinum tryggða ert þú ábyrg(ur) fyrir að skyldur séu uppfylltar.

(2) Löglegur arftaki og aðrir kröfuhafar

Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.

(3) Framsal og veðsetning krafna

Kröfur þínar úr slysstryggingunni og úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni er hvorki hægt að framselja né veðsetja án samþykkis okkar.

(4) Veiting og afturköllun bótaþegaréttar

Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega í lifanda lífi hins tryggða..

§ 46 Hvaða lög gilda?

Um samning þinn gilda þýsk lög.

§ 47 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Dómstóll með lögsögu ef þú berð fram kæru gegn okkur

Þú getur borið fram kæru sem byggir á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru eða útibú sem sér um samning þinn. Þú getur líka borið fram kæru fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem þú hefur lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert. Ef tryggingartakinn er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða réttarhæft sameignarfélag (til dæmis opið verslunarfélag eða samlagsfélag) ákvarðast dómbær dómstóll af aðsetri aðalstöðva hans. Ef fleiri varnarþing eru til lögum samkvæmt, sem ekki má útiloka með samningum, getur þú einnig lagt fram kæru þar.

(2) Dómstóll með lögsögu ef við berum fram kæru gegn þér

a) Lögheimili þitt eða aðsetur aðalstöva er okkur kunnugt

Ef við berum fram kæru gegn þér byggða á tryggingarsamningnum er aðeins sá dómstóll dómbær sem hefur lögsögu þar sem þú hefur lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert. Ef tryggingartakinn er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða réttarhæft sameignarfélag (til dæmis opið verslunarfélag eða samlagsfélag) ákvarðast dómbær dómstóll af aðsetri aðalstöðva hans.

b) Lögheimili þitt eða aðsetur aðalstöva er okkur ekki kunnugt

Ef hvorki er kunnugt um lögheimili þitt né venjulegt aðsetur þegar málið er höfðað getum við lagt fram kæru fyrir dómstóli með lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru eða útibúið sem sér um samning þinn. Þetta gildir samsvarandi ef tryggingartakinn er lögaðili eða réttarhæft sameignarfélag og aðsetur aðalstöðva hans er óþekkt.

(3) Dómstóll með lögsögu ef þú býrð utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss

Ef þú flytur lögheimili þitt eftir samningsgerð til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss getur þú og einnig við eingöngu lagt fram kæru vegna tryggingarsamningsins eða tryggingarmiðlunarinnar fyrir dómstólum sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru.

(4) Dómstóll með lögsögu ef tónstíluviki kemur til erlendis

Ef þú átt lögheimili, venjulegt aðsetur eða aðalstöðvar í Þýskalandi við samningsgerð og tryggt tónstíluviki kemur til erlendis er aðeins hægt að bera fram kærur í þessu samhengi fyrir þýskum dómstóli.

Hvaða þýskur dómstóll hefur lögsögu fer eftir því hvort þú átt lögheimili, venjulegt aðsetur eða aðalstöðvar í Þýskalandi þegar kærur er borin fram. Ef svo er koma þýskir dómstólar með lögsögu fram í málsgreinum 1 og 2. Ef þú átt ekki lögheimili, venjulegt aðsetur eða aðalstöðvar í Þýskalandi þegar kærur er borin fram er hægt að bera fram kærur fyrir dómstólum sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru.

Ef fleiri varnarþing eru til lögum samkvæmt, sem ekki má útiloka með samningum, getur þú einnig lagt fram kæru þar.

§ 48 Hvenær fyrnast samningsbundnar kröfur samkvæmt lögum?

(1) Fyrningarfræstur og ráðandi lagaleg fyrirmæli

Kröfur úr samningnum fyrnast samkvæmt § 195 einkamálaréttar (BGB) á þremur árum. Um einstök atriði varðandi upphaf, lengd og hlé á fyrningunni fer samkvæmt §§ 195 til 213 BGB.

(2) Fyrningarhlé meðan á prófun greiðsluskyldu okkar stendur

Ef okkur var tilkynnt um kröfu byggða á samningnum verður hlé á fyrningu hennar fram að þeim tíma sem þér eða kröfuhafa berst ákvörðun okkar í textaformi (til dæmis bréfi, faxi, tölvupósti).

§ 49 Á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

(1) Ógilding ákvæðis

Hafi ákvæði í tryggingarskilmálum verið lýst ógilt

- samkvæmt úrskurði æðsta dómstígs eða

- samkvæmt gildri stjórnsluáðgerð

höfum rétt til þess að breyta viðkomandi ákvæði í tryggingarskilmálum þínum, bæta við það eða setja annað í staðinn.

Þetta gildir einnig ef úrskurður dómstóla eða stjórnvalda beinist gegn öðru fyrirtæki. Forsenda er að ákvæðið, sem var lýst ógilt, hafi sama meginefni og ákvæði í tryggingarskilmálum þínum.

Aðlögun er aðeins leyfileg ef forsendurnar sem lýst er í eftirfarandi málsgreinum eru til staðar.

(2) Ákvæði sem hægt er að aðlaga

Við getum aðeins aðlagað ákvæði sem snerta eitt eftirfarandi atriða:

- forsendur tryggingargreiðslu;
- umfang tryggingargreiðslu;
- útilokanir tryggingargreiðslu eða takmarkanir tryggingargreiðslu;
- skyldur sem þú verður að sinna eftir samningsgerð;
- aðlögun iðgjalds þíns;
- samningstímann;
- uppsögn samningsins.

(3) Uppbótarlaus ógilding ákvæðis má ekki þjóna hagsmunum

Forsenda aðlögunarinnar er

- að í lagalegu fyrirmælunum felist ekkert raunhæft ákvæði sem nota megi til að fylla í samningseyðuna sem verður til við ógildinguna (sjá málsgrein 1) og
- að uppbótarlaus ógilding ákvæðisins sé ekki hæfileg lausn sem þjóni dæmigerðum hagsmunum samningsaðila.

(4) Efni nýja ákvæðisins

Aðlögunin fer fram eftir reglum um hliðstæða samningstúlkun. Það merkir að í stað ógilta ákvæðisins kemur ákvæði sem samningsaðilar hefðu valið sem hæfilega lausn sem þjónaði dæmigerðum hagsmunum þeirra, hefði þeim verið kunnugt um ógilingu ákvæðisins á þeim tíma þegar samningurinn var gerður.

(5) Framkvæmd skilmálaaðlögunar

Við tilkynnum þér um aðlöguð ákvæði í textaformi (til dæmis bréfi, faxi, tölvupósti) og skýrum þau.

Aðlögunin telst samþykkt ef þú andmælir ekki innan sex vikna eftir að tilkynning okkar berst þér.

Andmæli þín verða að vera í textaformi. Í tilkynningu okkar bendum við þér skýrt á andmælarétt þinn.

Til að virða tímamörkin nægir að þú sendir andmæli þín innan frestsins. Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur skilmálaaðlögunin ekki gildi.

(6) Uppsagnarréttur okkar ef þú andmælir

Ef þú andmælir aðlögun skilmálanna (sjá málsgrein 5) getum við sagt slysatryggingunni upp ef það er óaðgengilegt fyrir okkur að halda samningnum áfram án aðlögunar.

Við verðum að lýsa yfir uppsögn okkar skriflega innan sex vikna eftir að andmæli þín hafa borist okkur og þá með 8 vikna fyrirvara í lok mánaðar.